

**Fundargerð hjá stjórn Foreldrafélags Hörðuvallaskóla. Fundur haldinn þann 3. október
2018 í Kringlunni 4-12**

Mættir: Atli Björn Þorbjörnsson, Elsba Dánjalsdóttir, Freygerður Anna Ólafsdóttir, Halla Björg Evans, Heiðar Ásberg Atlason, Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Sigurjónsdóttir og Sigurlaug Gissurardóttir

Fundarritari: Freygerður Anna Ólafsdóttir

Dagsskrá fundar:

1. Fundur með bekkjarfulltrúum
 - a. Hvað við tókum fyrir þar
 - b. Hver verslar veitingar fyrir fundinn
2. Skipta með okkur ábyrgð á röltinu
3. Áhugasamir röltarar hvernig við getum nýtt þá
4. Aukarölt fimmtudaginn 11.okt
5. Myndavélakerfi og hver staðan er á því
6. Önnur mál

1. Fundur með bekkjarfulltrúum

- A. Fundur með bekkjarfulltrúum verður haldinn þann 5. október. Marta mun halda stutta kynningu á starfi foreldrafélagsins og svara spurningum. Bryndís Jónsdóttir frá Heimili og Skóla mun kynna hlutverk bekkjarfulltrúa.
- B. Sigurlaug verslar veitingar fyrir fund

2. Ábyrgð á röltinu

Ákveðið að setja upp skema þar sem stjórnarmenn skipta með sér ábyrgð á viðveru á foreldrarölti. Marta og Halla setja skemað upp.

Röltstjóri Heiðar Ásberg Atlason verði í grúbbu með Amöndu Karima Ólafsdóttur deildarstjóra Frístundar- og forvarnardeildar Kópavogs ásamt varðstjórum lögreglunnar í Kópavogi til þess að tryggja ríkt upplýsingaflæði. Marta Sigurjónsdóttir formaður foreldrafélagsins óskar eftir að hafa einnig aðgang að hópnum.

3. Áhugasamir röltarar

Samþykkt að nýta þá sem eru á skrá hjá foreldrafélaginu yfir áhugasama röltara sem einstaklinga á bakvakt í röltinu. Leitað verði til þeirra þegar heimavarnarliðið á rölt og þeim einnig falið að vera fulltrúar stjórnarmanna á bekkarrölti ef stjórnarmenn sjá sér ekki fært að mæta.

4. Aukarölt 11. október

Samþykkt að hafa aukarölt fimmtudaginn 11. október þar sem það er starfsdagur þann 12. Leitað verður til áhugasamra röltara.

5. Myndavélakerfið – staðan á því.

Marta og Arnar hafa rætt við sýna tengilið innan stjórnsýslu bæjarins. Verið er að ýta á að myndavélar verði settar upp á þessu skólaárið.

6. Önnur mál

Fundur með lögreglu og fulltrúum bæjarins

Kópavogsbær boðaði til fundar með fulltrúum foreldrafélaga bæjarins. Heiðar Ásberg Atlason, Linda Björk Hilmarisdóttir og Arnar Björnsson fóru fyrir hönd Foreldrafélags Hörðuvallaskóla. Um umræðufund var að ræða þar sem fjallað var um hvernig setja ætti upp rölt og var framkvæmd og eftirfylgni foreldraröltisins í Hörðuvallaskóla tekin til fyrirmyndar.

Ferðir með nemendum á bíósýningar

Freygerður Anna Ólafsdóttir lét bóka vegna ferðar 10. bekkjar á myndina Lof mér að falla. Ekki er um forvarnarmynd að ræða og fjölmargir sálfræðingar sem efast um réttmæti þess að farið sé með bekkjarhóp á mynd af þessum toga. Mikilvægt er að leitað sé til fagaðila eins og embættis landlæknis á sviði áfengis- og annarra vímuefnavarna áður en ákvörðun er tekin um að farið sé í slíka ferð.